P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 31. maí 1919. | № 5.

Næstu verkefnin.

Nú er farið að styttast þangað til Alþingi kemur saman í fyrsta sinni eftir að Ísland er orðið fullvalda ríki. En undarlega hljótt er um þetta þing okkar. Hvorki frá pólitiskum flokkum né stjórninni heyrast eiginlega neinar ráðagerðir um nein sérstök lagasmíði, nema um stjórnarskrárbreytinguna og hjónabands- og barnalöggjöfina, sem þó er sagt að ekki muni lögð fyrir þingið að þessu sinni.

Konurnar hafa ekki heldur látið neitt til sín heyra um neitt, sem þær vilji leggja þingmönnum sínum fyrir að flytja eða styrkja. Hér í Reykjavík gæti þá verið tækifæri til þess, því svo margt er það, sem vel færi á að konurnar beittu sér fyrir. Og þingmennina eiga þær hægt með að tala við.

Eitt mál hafa konur hér oft talað um að nauðsynlegt væri að fá inn á þingið. Það eru kosningarlögin til bæjastjórna og sveitastjórna. Þeim er mjög nauðsynlegt að breytt sé í þá átt, að konur séu að lögum jafnskyldar að taka við kosningu í bæjastjórnir og sveitastjórnir, sýslunefndir o. s. frv., sem karlmenn. Við viljum engar undantekningar hafa frá borgaralegum skyldum fyrir konurnar. *Sömu réttindi* og sömu skyldur fyrir karla og konur.

Afleiðingarnar frá þessari undanþágu kvenna frá þessum skyldum, verður sú, að ómögulegt verður oft og tíðum að fá þær konur til þessara starfa, sem flestir bera traust til. Af því leiðir þá einnig, að þá verða oft þær konur fyrir vali, sem margir vildu síður, og spillir það fyrir kosningunum, ef mikið er „agiterað", því þá er venjulega ekki verið að taka fram beztu kosti mótkandidatanna. Þá nota menn alt, sem þeim getur verið til falls, satt og ósatt, því er bezt, ef unt væri, að fylkja sér um þá, sem almennasta eiga tiltrú manna.

Sú grýla, að væri þessi undantekning numin úr lögunum, þá mundu konur verða neyddar í hópum inn í þessar stöður, jafnvel þótt þær væru einyrkja barnakonur, á ekki við nein rök að styðjast. Það er mjög sjaldgæft, að þeir karlmenn, sem *alvarlega* skorast undan kosningu, séu neyddir til að taka við henni, og kemur víst aldrei fyrir, ef þeir færa gildar ástæður.

En þessi skýlausa lagaskylda er aðhald fyrir alla til að gegna þessum sjálfsögðu borgaralegu skyldum, ef verulegar hömlur eru ekki í vegi fyrir því.

Þess vegna ætti nú kvenfólkið, að minsta kosti hér í höfuðstaðnum, að gera sitt til að fá þetta ákvæði burt numið úr þessum lögum. Næsta ár standa bæjarstjórnarkosningar hér fyrir dyrum, og lítil líkindi eru þá til að konur fáist til að gefa kost á sér, ef þetta ákvæði er óbreytt, eftir þeirri reynslu, sem við höfum haft hingað til. Og þess er þó full þörf, að fá fleiri konur inn í bæjarstjórnina en hingað til, einkum síðustu árin. En eigi þær að geta gert sig gildandi þar og koma nokkru til leiðar, þá verða þær fyrst og fremst að *vinna saman*, en ekki potast hver út af fyrir sig, og þar af leiðandi oft hver á móti annari. Þeirra sérstaka verksvið er alt, sem snertir heimili, börn og konur, heilbrigði o. s. frv. Í þær nefndir, sem um þessi mál fjalla aðallega, verða þær að sjá um að þær verði kosnar. Og það geta þær aðeins með samtökum, ef þær eru svo margar, að atkvæði þeirra geti ráðið úrslitum. Hingað til hafa karlmennirnir í bæjarstjórninni ekki haldið konunum mikið fram eða gert mikið úr þeim. Þeir hafa kosið þær í einhverja málamyndarnefnd, en sjaldnast gefið

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

um að velja þær í nefndir til þess, sem sérþekking kvenna gæti bezt notið sín. Það hefir oft litið út, sem þeim væri ekkert illa við að konurnar létu sem minst á sér bera, og sem minst tillit væri til þeirra tekið, ef dæma skal eftir því, hvernig þeir undantekningarlítið hafa gengið fram hjá þeim við flestar nefndarkosningar. En konurnar eru nú sem stendur aðeins tvær, þeir 14, — svo þeir hafa öll töglin og hagldirnar, — ábyrgðina og heiðurinn af því, hvernig bænum er stjórnað.

Barnadagurinn.

Á öllum Norðurlöndum hafa menn nú í mörg ár vanist við að vakna einn góðan veðurdag upp við að alt væri á fiugi og ferð. Bílar og vagnar fara um götumar með allavega skrítilega klæddar ungur stúlkur. Það einkennilega er, að þessir vagnar þjóta ekki áfram, heldur fara hægt og hægt, og ungu stúlkurnar inni í þeim veifa í höndunum sparibyssum og buddum, eins og þær ætlist til að eitthvað sé í þær látið. Og á götunum morar alt líka af ungum stúlkum, sem eru þar í sömu erindagerðum. Þær hafa allar merki, því þetta er sérstakur dagur, sem þær vinna fyrir. Það er Barnadagurinn eða Barnahjálpardagurinn, eins og Danir kalla það.

Í hverri borg, sem nokkuð kveður að eru þessir Barnadagar nú orðin föst skemtun. Því þá er svo sem meira og fleira gert en betlað. Auðvitað er það gert í stórum stil og sumir eru sárgramir yfir því, að þeir hafi ekki frið inni á heimilum sínum, auk heldur á götunum. En þá eru allar skemtanir fáanlegar að kveldinu, því listamennirnir leggja sinn stóra skerf af vinnu til Barnadagsins. Tilgangurinn til þessarar fjársöfnunar er líka vinsæll. Því fé skal verja til að koma fátækum og munaðarlausum borgarbörnum dálitinn tíma upp í sveit, til þess að þau fái gott loft, mjólk og hvíld frá skólum, og góðan mat. Svo þau hressist og fái roða í kinnar og kjöt á kroppinn.

En sumstaðar hafa menn líka farið aðra leið. Komið upp eða keypt sumarheimili fyrir börnin, og látið svo einhverja góða konu eða karl standa fyrir því. Börnin í bæjum eru svo veikluð oft og tíðum, að þeim veitir ekki af að komast í gott sveitaloft. Veldur margt því, en ekki síst hin illu og óhollu húsakynni, sem margt af efnaminna fólkinu verður að búa við.

Og fátt er líka vinsælla en „Barnahjálpin“ í stórbæjunum. Skólakennararnir gangast oft fyrir að skrifa í sveitirnar og setja auglýsingar í blöðin (sem þau gefa, af því það er í þessu skyni) til sveitafólksins, að biðja það að taka nú 4—6 sumarvikur einhvern fátækan skólakrakka, og lofa honum að vera þar og líða vel í sumarleyfinu. En þar, sem þarf svo að gefa með börnunum eru notaðir peningarnir, sem safnast inn Barnahjálpardaginn, og ýmsir barnavinir leggja af mörkum í þessum skyni. Járnbrautirnar veita þeim ókeypis far til og frá, og bæjarstjórnirnar styrkja þetta líka smstaðar.

Oft er glatt á hjalla, þegar sá langþráði dagur rennur upp, að börnin fari af stað. Þau fara ætíð öll sömu dagana. Þá verður að fylgja þeim á járnbrautarstöðvarnar, og koma þeim inn í vagnana. Síðan er litið eftir þeim á allri ferðinni.

Oft hafa samskotin, sem inn komu þenna eina dag, verið talsvert á 2. hundrað þúsund krónur. Má af þeirri tölu marka hvað vinsælt fyrirtækið er.

Stokkhólmsbúar hafa hér, sem víða annarstaðar, litið á þetta mál með bæði opnu hjarta og höndum. Þeir gera svo mikið fyrir uppeldi og heilsu barnanna, hvar sem því verður við komið. Þeir hafa fengið Barnahjálparnefndinni heila eyju þar úti í skerjagarðinum til sumarbústaðar handa fátækum börnum. Þessi barnaey er sögð vera „hreinasta paradís, að fegurð og heilnæmi“. Þangað er ætlast til, að öll fátæk börn í Stokkhólmi verði send á sumrin með tímanum. En enn þá hefir það þó að eins verið nokkuð á annað þúsund börn, sem komist hafa þangað. Allur kostnaðurinn við það hefir verið greiddur af samskotafé eða gjöfum frá einstökum

mönnum. En árlega fjölga litlu sumargestirnir á Barnaeynni. Það eru alt saman fátæk alþýðuskólabörn. — Forstöðuna hefir á hendi alþýðuskólakennarinn C. Waisberg. (Frh.)

Móðbréf.

Alt hefir sinn tíma, segir prédikarinn. Þetta á ekki sízt við um gömlu fötin okkar, þegar vorið kemur með löngu björtu kvöldin, þá langar okkur enn þá einusinni til að fara að dæmi slöngunnar, skifta um ham og verða flunkurnýjar frá hvirfli til ylja. Mér finst langlíklegast að fíkjublaðið hennar Evu móður okkar, hafi átt að vera til prýðis, mér finst eg sjá í anda, augun í henni full af barnalegri undrun, þegar slangan smeygði sér úr gamla hamnum gljáandi og rennileg. Síðan höfum við aldrei getað við þetta losnað, fremur en erfðasyndina. Í dimmviðri og rigningatíð lítum við með mikilli velvild á gömlu flíkurnar, sparsemin þýtur upp í votviðrinu. Við getum orðið svo langt leiddar, að lenda í djúpum hugleiðingum um hégómaskap kvenfólksins og hærra þroskastig karlmannsins, sem sjáist bezt á tildurlausum og hentugum fatnaði. En alt er þetta gleymt þegar sumarsólin kemur, þá hættum við alveg að hugsa um þroskastigið, og lítum með öfund og aðdáun á móðblöðin. Hugurinn getur vilst til annara landa, þar sem til eru konur ríkari en nokkrar trollaraírúr, töfrandi og breytilegar, meistaraverk af skraddarans náð, sem gætu fleygt árslaununum okkar fyrir einn einfaldan búning.

— Rennilegar eigum við að vera í ár, pilsin eru yfirleitt stutt og þröng, sum ekki meira en 90 cm. á vídd. Má þá segja um þær sem þau bera — mátulegt er meyjar stig — mál mun vera að gifta sig. — Mörg pils eru rykt og því nokkuð víð um mjaðmirnar, en sýnast þrengri neðst. Önnur vefjast um konuna í mjúkum skáfellingum, sem oft eru dregnar saman í annari hliðinni, í mittinu. Skuggamynd af konu í þesskonar pilsi ætti að minna á grískan vasa. Treyjurnar á útifötum eru síðari en áður, — margar eru með mjóum beltum, falla mjúkt og liðlega. Silkivesti eru mjög mikið notuð, ýmist áföst eða laus, undir opnum treyjum. Hnappar eru mikið notaðir, þeir eru altaf svo þægilegir ef telja á „skal — skal ekki", en hvers vegna enda þeir aldrei á stakri tölu? Treyjurnar eru oft stungnar, eða með þráðmjóum „listum". Kiminóermar sjást á mörgum kápum og treyjum. Ermar á kjólum eru þröngar eða engar. Nýjustu yfirhafnirnar virðast vera kynblendingar af slögum og kápum, víðastar um mjaðmirnar, ermarnar einhvernvegin samvaxnar bakinu, — penninn verður staður þegar eg ætla að reyna að lýsa þessu. — Þá eru allskonar slög mikið notuð. Sumar slá þeim yfir aðra öxlina eins og einstaka reykvízkar stúlkur báru möttulinn þegar kalt var — áður en sú leiðinlega kápuöld rann yfir þetta land.

Móðliturinn? Vorliturinn á gönguföturn er sagður brúnt og grátt, þó svart og dökkleitt haldi sér í móð. Nýju móðlitirnir eru sterkur grænn litur, með bláum blæ og einkennilega riðrautt, sem best á við dökkhærðar stúlkur. — Efnin eru mjúkt krepsilki og silkiprjónles gróft og fínt, allskonar silkiefni og hýjalín.

Ef við lítum í gluggana hjá Fonnesbech, einhverri fínustu tízkubúð Kaupmannahafnar — þá gæfi okkur á að líta! Hvað segið þið um hvítan hýjalínskjól, með leggingum úr gul-hvítu klæði og með skúfum? Eða um bleikrauðan kjól úr silkikrepi, prýddan með útsaum úr ljósbláu ullargarni, sem myndar þverrákir. Dálitlir ljósbláir skúfar voru niður með hliðarsaumunum, með nokkurra þumlunga millibili. Þar var líka einfaldur kampavínslitur kjóll úr silkikrepi, með sléttum undirkjól úr silki í sama lit. Undirkjóllinn, hálsmál og ermar prýtt með samlitum tréperlum. Þar voru hvítir ullarkjólar úr chevioti, útsaumaðir með grófu svörtu ullargarni. Þar mátti sjá kjóla, sem mintu á hökla. Einn var þar blár að lit með giltum reitum, eins og skákborð. Sá tilvonandi eigandi ætti að geta sungið: „Den Ungersvend han tabte og Jomfruen hun vandt.

Skúfar og kögur eru mikið notaðar til skrauts. Yfirkjólar eru mjög mikið notaðir og oft ná þeir aðeins fram á hliðarnar. — Síðar blúsur „jumpers“ eru enn í algleymingi. Oft eru þær úr silki-prjónlesi og er smeygt yfir höfuðið, ermarnar stuttar, eins og á gamaldags skyrtum og klaufir á hliðunum. — Margar eru með stórum slag-kröfum.

Þvottakjólar eru meðal annars margir skozkir og röndóttir ograndirnar þá látnar snúa allavega.

— Hattarnir eru stórir og smáir. Einkennilegt er lagið á börðunum. Þau eru breið að framan, mjó að aftan, hverfa stundum í annari hliðinni, en skjótast svo fram tvíbreið í hinni. Þægilegir eru litlu kringlóttu búfarnir, sem oft eru prýddir með stórri blæju, sem kastað er yfir þá og nær alveg niður í mitti. Aðrir eru úr hýjalíni prýddir paradísarfjöðrum eða blómum. — Í hattabúð frú Önnu Torfason í Reykjavík eru margir smekklegir hattar, hvað lit og lag snertir. Einstaka skrítnir hattar eru þar líka, t. d. hattur með svörtum silkihatti og hekluðum börðum úr ullargarni í flestum regnbogans litum. Þar var líka svartur hattur, þar sem börðin mintu á hringinn í kringum Satúrn — og voru tengd við kollinn með strengjum úr grænum tréperlum. —

Nú fer eg að slá botninn í þetta fróðlega móðbréf. Ef einhver kynni að spyrja, hvaðan eg hefi alla þessa visku, þá megið þið trúa því, að eg hefi brugðið mér úr líkamanum til þess að færa ykkur fréttirnar af tízkuplaninu.

Evudóttir.

Mjólkursendillinn.

Sagan um mannlegt réttlæti.

Þýtt.

„Þú ert afleitur, en þú hefir rétt að mæla. Getið þið hugsað ykkur að drengurinn hafði ekki skilað kúskinum krónunni, heldur haldið henni líka.“

„Auminginn þú.“ sagði kapteinsfrúin með hluttekningu.

»Það var óvanalegur óræstiskrakki,« heyrðist úr hægindastólnum frá læknisfrúnni.

»Það var venjulegur krakki,“ sagði læknirinn.

„Þið læknarnir eruð óttalega grófir, það eruð þið“, sagði læknisfrúin. „En vitið þið hvað hann hafði gert meira? Hann hafði sýnt kúsknum báða krónupeninganna og sagt að sér hefði verið gefnir þeir til að kaupa flugvél. Hvað segið þið um það?“

„Það er fullkomlega heilbrigt“ sagði læknirinn.

Majórsfrúin leit á læknirinn og sagði: »Þú talar eins og Langholmslendingur. Jæa, en var það þá heilbrigt eða venjulegt að rjómanum, sem hann seldi mér hafði hann stolið frá kúskinum“.

„En sá hrekkjalimur“, sagði læknirinn, með hálfgerðri aðdáun.

Rjómann hafði kúskurinn fengið keyptann af sérstakri náð, úti á mjólkurbúinu af því hann ætlaði að halda silfurbrúðkaup sitt á jóladaginn. Annars hefði hann alls ekki fengið rjómann, og það vissi strákurinn. Ef þér hefðuð heyrt hvernig kúskurinn krossbölvaði þegar hann heyrði að strákurinn hefði selt mér rjómann. Eg hélt hreint að þakið mundi fara af eldhúsinu.

Ef þökin lyftust allstaðar ofan af húsunum, sem væri bölvað í, þá væri víst hvergi þak á húsum nema kirkjunum, sagði kapteinninn.

„Það er voðalegt hvað þið karlmennirnir getið verið vel að ykkur í rökfræðinni. En fyrst þið eruð nú svona fljótir að hugsa og skynja, þá getið þið líklega reiknað út hvernig kúskurinn fór með strákinn á eftir?

„Hann hnepti líklega niður um hann“, sagði kapteininn. „Hann rak hann auðvitað í burtu“, heyrðist sagt frá hægindastólnum.

En máski drengurinn hafi nú iðrast, sagði kapteinsfrúin, hálf hikandi.

„Að strákurinn iðraðist? það er víst bara þú sem heldur það.

Nei vitið þið hvernig það fór?

„Nei“, sagði læknisfrúin.

Jú, í fyrsta lagi sagði kúskurinn að hann þyrði ekki að berja strákinn, því af því gæti leitt óttalega mikil óþægindi ef maður berði annara manna krakka. Það væri ekki lögum samkvæmt. Og strákurinn ætti mömmu upp í sveitinni, sem mundi kæra það fyrir lensmanninum, það gætu menn verið vissir um, því þessi strákur væri augasteinninn hennar. Og ekki gæti hann heldur rekið hann í burtu fyrr en strákurinn hefði borgað þessa eina krónu og fimmtíu sem hann skuldaði fyrir rjómann. Það hafði hann ekki efni á. Ef hann léti nú strákinn fara þá fengi hann þá aldrei, en hann gæti dregið þetta af launum hans fyrir næsta mánuð. Nú já, þetta skildi eg. Svo eg sagði að hann skyldi bara láta strákinn koma sjálfan til mín næsta morgun með mjólkina, svo eg geti talað við hann, því eg var reglulega gröm.

„Nú, og kom strákurinn þá“, spurði læknirinn.

„Nei, víst ekki. Það kom svolítil telpa, og hún þorði varla að stíga inn um eldhúsdyrnar".

„Hvers vegna þá?" spurði kapteinsfrúin.

„Já, það skildi eg heldur ekkert í fyrst. Eg spurði því drengurinn kæmi ekki sjálfur —"

»Og hún sagði?« spurði læknirinn með áhuga.

»Það veit eg ekki«, sagði hún. »En mjólkin á að borgast strax«.

Majórsfrúin þagnaði og leit á tilheyrendurna sem litu dálítið undrandi út.

»Við vorum altaf vön að borga mjólkina um leið, svo hún fékk auðvitað auranna. En eg bað hana heilsa kúskinum og segja að senda drenginnn sjálfan næsta dag, og því lofaði hún að skila.

»Nú, nú?« sagði læknirinn.

Jú, eg stóð auðvitað í eldhúsinu morguninn eftir. Þá kom önnur lítil telpa, svo lítil að mjólkin skvampaðist út úr brúsanum upp allan stigann".

„Og hún sagði?" Læknirinn leit nærri því forvitnislega út.

»Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ekki eitt einasta orð fékkst úr henni. Og hún var svo lítil að við urðum að láta aurana í ofurlítinn bréfposa, svo hún týndi þeim ekki«.

»Og hver kom svo?« Nú var læknirinn eitt-

„Svo kom skátadrengur stór og langur, laglegur strákur, auðsjáanlega heldra fólks barn. Hann var mjög kurteis, en hann sagði í mjög ákveðnum róm að við ættum að vera svo góð að borga strax mjólkina".

»Það var skrítið«, sagði lækn isfrúin.

»Já það var ákaflega skrítið, mér fanst það svo undarlegt að eg varð að spyrja hann við hvað hann ætti, með þessu, því eg var dálítið grön, og það heyrðist nú máski á mér. En eg fékk ekkert upp úr honum. Það einasta sem hann sagði var: „Þetta hefir verið lagt fyrir mig" En vitið þið hvað eg gerði svo?«

„Nei", sagði kapteinsfrúin.

»Eg fór í utanyfirfötin, og fór út til að ná í kúskinn þótt veðrið væri voðalega vont. Eg eg fann hann hvergi. Og mjólkurvagninn sást heldur ekki nokkurstaðar. Og þegar eg svo kom heim ísköld og holdvot, þá stóðu koparflöskurnar í stiganum þær höfðu verið settar þar í laumi. Eg hélt alveg að eg myndi ganga af göflunum. Mér fór hreint ekki að lítast á blikuna. Og eg heitstrengdi að nú skildi eg ná almennilega í strákinn daginn eftir.

»Jæa, náðirðu þá í hann«, spurði læknisfrúin.

„Eg? nei, ónei, það gerði eg ekki. Satt að segja kom eg mér nú ekki að því að eltast við strákinn þann daginn.

Vitið þið hver kom siglandi með mjólkina klukkan átta þá um morguninn? — Nei þess getið þið aldrei getið. Það var minsta telpan landshöfðingjans. Vinnukonan mín var nærri því skollin aftur á bak niður af undrun, þetta var örlítil telpa hér um bil sex ára, berhöfðuð og kápulaus. Hún dróg brúsana eftir sér, því hún gat varla valdið þeim, eins og þið getið getið nærri. Og vitið þið svo hvað hún sagði?"

»Að hún ætti að fá borgunina með það sama«, sagði læknirinn.

„Já, einmitt það, sagði hún. Og þegar eg spurði hver hafði sagt það, þá sagði hún, það sagði hann sem sagði að eg skyldi fá tíu aura".

»Það var heldur óljóst«, sagði kapteinninn.

„Já, það var það reglulega. Og telpan var svo lítil og sæt, og ómögulegt að fá orð úr. Það einasta sem hún vissi með vissu var að hún ætti sjálf að fá tíu aura. En eg komst þó svo langt að eg fékk að vita að það var mjólkurstrákurinn, sem hafði heitið henni tíeyringnum ef hún færi með mjólkina. Og vitið þið hvar hún hafði hitt strákinn? Í eldhúsinu í landshöfðingjahúsinu, það var í eldhúsinu okkar, sagði telpan".

»I landshöfðingjaeldhúsinu?« spurningin kom frá læknunum.

Já, getið þið hugsað ykkur þvílíkann strák?

Já, það var vel að verið«, sagði kapteinninn.

„Eg varð að fara í kápu og setja á mig hatt, eins og þið getið nærri, og fara með telpunni heim til landshöfðingjans. Þar var þá uppi fótur og fit, því enginn hafði séð þegar hún laumaðist út, og kápan hennar og hatturinn hangdu í forstofunni, kl. var bara átta um morguninn, og það var niðamyrkur. Frúin var alveg frá sér af hræðslu og ætlaði að fara að hringja í lögreglustöðina".

»Og strákurinn?« spurði læknirinn.

„Já, ef eg ætti að segja ykkur frá því öllu, þá munduð þið verða jafnþreytt að hlusta á það, eins og eg var að elta krakka óhræsið. Auðvitað hefði eg getað látið það vera, en mér fanst það vera mín skylausa skylda að tala yfir hausamótunum á honum, — í réttvísinnar nafni, skiljið þið. Og svo var það aðferðin, hvernig hann gabbaði mig altaf og skaut sjálfum sér undan, sem gramdi mig svo mikið. Þetta varð regluleg samviskusök fyrir mig að láta ekki svona lílinn hrekkjalím sigra mig Getð þið ekki skilið það".

»Jú«, sagði kapteinsfrúin.

„En eg skal segja ykkur að aldrei hefði mér getað hugkvæmst að nokkur mannleg vera gæti verið jafn slóttug. Hann hélt áfram að senda allra handa krakka með mjólkina á hverjum degi, og þau þutu á sama augabragði út úr dyrunum, svo maður sá í lappirnar og endann á þeim eins og reykjargusu brygði fyrir. Eg gat aldrei fengið að tala orð við þau. Einn morgun reyndi eg að halda telpu anga eftir til að spyrja hana, en hún orgaði og hljóðaði svo að eg varð að sleppa

henni. Hún var alveg frávita af hræðslu. Eg vissi ekkert hvaðan á mig stóð veðrið, en auðvitað fékk hún að hlaupa. Skiljið þið ekki að mér fór ekki að verða um sel. Mér fór að líða reglulega illa".

»Og hvernig lauk því svo?« spurði læknirinn þegar majórsfrúin þaggnaði.

„Því lauk aldrei, því er ekki lokið ennþá".

»Náðirðu þá stráknum?« Það var læknisfrúin sem spurði.

»*Nei*«, sagði majórsfrúin með áherslu. „Strákn-um náði eg aldrei, en kúskinn fann eg í vikunni á eftir, það var á laugardegi, þá höfðu þessi vandræði staðið í fjórtán daga, eg stóð eins og venjulega í eldhúsinu á þeim tíma, til að reyna að ná í strákinn ef hann kæmi, en þá kom kuskurinn".

»Og hann sagði?« spurði læknirinn.

„Eg skal segja frúnni að eg hélt að það væri bezt að eg kæmi í dag, af því að eg átti að fá peninganna".

»Peninganna«, át kapteinninn ósjálfrátt eftir.

„Já, það sagði eg líka. Nú getið þið nú getið ykkur til hvaða peninga kúskurinn vildi fá?"

»Hann vildi auðvitað fá borgun fyrir mjólkina«, sagði læknirinn.

Heyrðu, þú hlýtur að vera gerður af ýmsum efnum. Það var einmitt það sem hann vildi. Hann hafði ekki fengið einn einasta eyri fyrir hana í fjórtán daga. En lengri lánstíma getum við ekki gefið, sagði hann. Það er ekki okkar vani".

»Lánstíma?« var nú hrópað úr hægindastólnum.

»Já, einmitt, og þú mátt trúa því að það var ekki það versta. Veistu hvað strákurinn hafði haft fyrir ástæðu við alla krakkana, sem hann leigði? Eg fékk að vita það hjá skátanum, sem eg hitti hálfu ári síðar við skyttuhátíð«.

»Nei —?«

„Að hann þyrði ekki sjálfur að tara upp til okkar með mjólkina, af því að „Tanta" berði hann ef hún fengi hana ekki til láns«, sagði hann.

„Og þetta skildi skátinn, því skátarnir eiga að gera eitt góðverk að minsta kosti á hverjum degi svo hann fór með mjólkina og það fyrir enga borgun, til að hjálpa aumingja mjólkurdrengnum. — „Guð almáttugur! en sá krakki", sagði læknis-frúin. „Nú, en á laugardaginn fékk hann þó líklega sín verðskulduðu laun hjá kúskinum".

„Nei, hann gat ekkert fengið, því sama daginn fór hann heim til mömmu sinnar í sveitinni. Kúskurinn hafði auðvitað dregið frá sína eina krónu og fimmtíu aura en strákurinn hafði náð í níu krónur og fimmtíu aura úr tösku kúsksins. En eins og kúskurinn sagði: „Það er ekki vert að kæra það, því þann krakka ræður enginn við Það verður bara dýrt«.

„Og svo?" sagði kapteinninn.

„Já, og svo var það ekki mikið meira. Eg varð auðvitað að borga mjólkina aftur, því ekki gat eg heimtað að fátækur kúskur gerði það. Og svo þegar eg hafði borgað og hann tekið við peningunum, þá sagði hann: »Það væri betur að þér settuð ekki slíkar sögur saman alstaðar, sem þér komið.

»Sett saman?" Kapteinsfrúin var hissa.

»Já, það fanst mér líka. Svo eg sagði við hann: Það er líklega ekki *eg* sem hefi sett neitt saman?«

„Og hann sagði?" spurði læknirinn.

„Svo fátækur verkamaður fái svo óteljandi ó-þægindi fyrir," sagði hann. „Það hefir skrifað frá landshöfðingjauum og skammað út mjólkurbúið, og bókhaldarinn kom og skammaði mig, alveg eins og eg gæti gert að því.«

„Nú, en get eg þá gert að því?" sagði eg.

»Og hvað sagði hann svo?« Það var altaf lækn-irinn sem spurði.

„Ef frúin hefði aldrei tekið upp á þessu með krónuna, þá hefði þetta aldrei komið fyrir."

»Svo?«

»Já, góða mín! Það var máske rétt hjá honum. Eg hefi reiknað út, að það komu 14 ólíkir krakk-ar með mjólkina. Altsvo voru það minst 14 heim-ili í bænum, sem vissu að eg væri svoleiðis, að eg berði fólk, ef eg fengi ekki vörur og hluti til láns.« —

»Auminginn þú,« sagði læknisfrúin seinlega.

»Og eldastúlkan borgarstjórans spurði vinnu-konuna mína, hvort það væri ekki erfitt að vera í þeirri vist, þar sem svona óttalegt heimilislíf væri. Og frökenin, sem var fyrir leigubókasafninu, hafði spurt saumakonuna mína, hvort hún ætti ekki óttalega ílt með að fá saumalaun hjá mér, því hún hefði heyrt, gegn um yfirréttardómstjóra-frúna, að eg væri svo óttaleg. Og karlinn, sem sópaði götúna og húshlöðin, hafði heyrt úti á mjólkur-búinu, að það hefði verið eitthvert þjark um pen-inga milli mín og mjólkursendlanna. — Nú, hvað finst ykkur nú?«

»Það var skemtileg lítil saga,« sagði læknirinn. Hann beygði sig áfram eftir eldspítnastokknum.

„Hvernig þá?" spurði majórsfrúin.

„Hún er svo óvenjulega sennileg. Mér finst hún reglulega hugðnæm."

„Eg er á því að þú sért reglulega grófur. — Svei!" sagði læknisfrúin.

»Nei, en eg hefi verið sveitalæknir í Smálandi, og þá verður maður nú dálítið vandlátur með trúverðugar sögur. En þessi saga er reglulega trúleg. Eg legg til að við skírum hana og köllum hana: »Sagan um mannlegt réttlæti«, hann lyfti upp groggglasinu sínu: „Skál fyrir henni!"

Lesið!

Vefnaðarvörudeildin:

Kvenhattar, barnahattar, ullarflauel svört og mislit, peysufataklæði, draktaklæði, Camgarn, Cheviot mikið úrval, drengjafataefni, kápuefni á fullorðna og börn, mússulín mikið úrval, morgunkjólaefni, sirz í morgunkjóla, mjög ódýrt, tvisttau, feikna úrval, flónel hv. og misl., léreft bleikjað og óbl., fiðurhelt léreft, sængurdúkur, undirlakaléreft, rúmteppi, borðdúkar, servíettur frá 0,75, höfuðsjöl, regnhlífar, allsk. broderingar, fóðurefni, Hessians

:: **Til hátíðarinnar:** ::

Silki í kjóla og blúsur, upphlutasilki, danskjólatau, skinnhanzkar, kjólaefni, feikna úrval, slifsi, silkitreflar, vasaklútar, ilmvötn frá 1,00—14,75, kvenhattar, barnahattar, flauelsbönd, silkibönd, silki- og ullarsokkar, regnkápur.

Nýkomnar úrvals vörur í

Verzl. Edinborg

Sími 298

Lesið!

Glervörudeildin:

Dönsk postulinsgerð: ::

Grunnir og djúpir diskar, kaffikönnur, sykurker og rjómakönnur, te- og kaffibollar og alt tilheyrandi matarstelli

:: **Emaileruð:** ::

Kaffikönnur og katlar, skaftpottar, matarpottar margar stærðir, skolpfötur, sorpskúffur, mjólkurfötur o.m.fl.

Blómsturpottar, brúnar leirkrukkur, þvotastell, ferðakistur og töskur, gólfmottur, teppabankarar, glerþvottabretti, kolakörfur, flautukatlar, Sunlightsápa, Pears handsápur o. fl. teg.

Gólfskrúbbur, gólfáburður mublu-áburður, fægiduft, brenslupottar, þríkveikjur, primusar og primushausar, peningakassar, eldspítur, speglar, vatnsglös, hnífapör, matskeiðar, te-:: skeiðar og skurðarhnífar ::